

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Vesturhlíð, L192153, frístundabyggð F16.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem er í samræmi við uppfærða aðalskipulagsbreytingu, sem tekur til frístundasvæðis F16 innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóða, byggingarreita og byggingarskilmála innan svæðisins sem tekur til um 97 ha svæðis undir heitinu Vesturhlíð. Á svæðinu er gert ráð fyrir lóðum ásamt opnum svæðum, vegum, göngustígum og skilgreindu svæði fyrir vatnsöflun.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. mars 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Nanna Jónsdóttir framkvæmdastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 26. mars 2026